

Ár 2013, fimmtudaginn 14. mars kl: 17:00 kom bæjarstjórn Hveragerðis saman til fundar á skrifstofu bæjarins Sunnumörk 2, Hveragerði.

Fundinn sátu Eyþór H.Ólafsson, Unnur Þormóðsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson, Róbert Hlöðversson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Forseti bæjarstjórnar, Eyþór H. Ólafsson, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi fundar lagði forseti fram svohljóðandi dagskrárbreytingartillögu. Við fundarboð bætist liður 7 opnun tilboða í verkið „Frárennslislagnir Laugaskarði, göngustígur Breiðumörk“ aðrir liðir breytist til samræmis.

Dagskrártillagan samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Fundagerðir.

1.1. Bæjarráðs frá 21. febrúar 2013.

Liðir afgreiddir sérstaklega:

3.1. Minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa frá 18. febrúar 2013.

3.2. Opnun tilboða í verkið „Sláttur og hirðing í Hveragerði“.

3.4. Umsókn um lóðina Vorsabæjarvellir 8.

Bæjarráðs frá 7. mars 2013.

Liðir afgreiddir sérstaklega:

2.1. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun.

3.1. Minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa frá 5. mars 2013 vegna útboðs á klæðingu á mynd- og handmenntahúsi.

1.2. Velferðarnefndar Árnepings frá 27. febrúar 2013.

Liðir afgreiddir sérstaklega:

1. Reglur og gjaldskrá um ferðapjónustu fyrir fatlað fólk.

2. Verklagsreglur um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fyrir fatlað fólk.

3. Reglur um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk.

1.3. Fræðslunefndar frá 4. mars 2013.

2. Tillaga að breytingu á reglum um innritun og gjöld í leikskólum

Hveragerðisbæjar.

3. Erindi vegna heilsustígs milli Hveragerðis og Selfoss.

4. Leigusamningur um tjaldsvæðið við Reykjamörk.
5. Lánasamningur við Lánasjóð sveitarfélaga.
6. Skýrsla Harald L. Haraldssonar Úttekt á rekstri Hveragerðisbæjar og tillögur.
7. Opnun tilboða í verkið „Frárennslislagnir í Laugaskarði, göngustígur Breiðumörk“
8. Fundagerðir til kynningar;
 - 8.1. Bæjarstjórnar frá 14. febrúar 2013.

Hér var gengið til dagskrár

1. Fundagerðir;

1.1. Bæjarráðs frá 21. febrúar 2013.

Enginn tók til máls.

Liður 3.1. Minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa frá 18. febrúar 2013 afgreiddur sérstaklega og samþykktur samhljóða.

Liður 3.2. Opnun tilboða í verkið „Sláttur og hirðing í Hveragerði“ afgreiddur sérstaklega og samþykktur samhljóða.

Liður 3.4. Umsókn um lóðina Vorsabæjarvellir 8 afgreiddur sérstaklega og samþykktur samhljóða.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

Bæjarráðs frá 7. mars 2013.

Enginn tók til máls.

Liður 2.1. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun afgreiddur sérstaklega og samþykktur með 5 atkvæðum meirihlutans gegn 2 atkvæðum minnihlutans.

Liður 3.1 Minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa frá 5. mars 2013 vegna útboðs á klæðningu á mynd og handmenntahúsi afgreiddur sérstaklega og samþykktur samhljóða.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

1.2. Velferðarnefndar Árneshöfna frá 27. febrúar 2013.

Eftirtaldir tóku til máls: Unnur Þormóðsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Eyþór H. Ólafsson og Ninna Sif Svavarsdóttir.

Liður 1. Reglugerð og gjaldskrá um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk afgreiddur sérstaklega. Bæjarstjórn samþykkir reglurnar. Bæjarstjórn gerir ekki athugasemdir við gjaldskrána fyrir sitt leyti en tekur undir nauðsyn þess að þær verði ræddar í nefnd oddvita og sveitarstjóra því samræmi um þessa gjaldtöku á svæðinu er nauðsynlegt.

Liður 2. Verklagsreglur um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fyrir fatlað fólk afgreiddar sérstaklega og samþykktar samhljóða.

Liður 3. Reglur um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk afgreiddar sérstaklega og samþykktar samhljóða.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

1.3. Fræðslunefndar frá 4. mars 2013.

Eftirtaldir tóku til máls: Ninna Sif Svavarsdóttir og Aldís Hafsteinsdóttir.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. Tillaga að breyttum reglum um innritun og gjöld í leikskólum Hveragerðisbæjar.

Bæjarstjórn lagði fram eftirfarandi tillögu.

Í framhaldi af bókun fræðslunefndar frá 4. mars 2013 þar sem mælt er til þess að reglum um inntöku barna á leikskóla verði breytt í þá veru að hægt verði að skrá börn á biðlista áður en lögheimili er flutt til Hveragerðis. Í bókun fræðslunefndar kemur fram að þó verði það ávallt tryggt að leikskóladvöl hefjist ekki fyrr en lögheimili hefur verið flutt.

Skv. reglum um innritun og gjöld í leikskólum Hveragerðisbæjar sem í gildi eru segir eftirfarandi:

Öllum foreldrum og forráðamönnum er heimilt að sækja um leikskólaláss enda sé lögheimili þeirra og barnsins skráð í Hveragerði.

Bæjarstjórn leggur til að greinin breytist og verði svohljóðandi:

Foreldrum og forráðamönnum er heimilt að sækja um leikskólaláss enda er lögheimili þeirra og barnsins skráð í Hveragerði.

Ef foreldrar eða forráðamenn hyggjast flytja í sveitarfélagið geta þeir sótt um leikskóladvöl en barn fær ekki úthlutað leikskólalássi fyrr en lögheimili hefur verið flutt og skulu foreldrar tilkynna sérstaklega um lögheimilisflutninginn til leikskólastjóra Óskalands.

Eftirtaldir tóku til máls: Aldís Hafsteinsdóttir.

Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Erindi vegna heilsustígs á milli Hveragerðis og Selfoss.

Lagt fram erindi frá Heilsueflingarteymi starfsmanna HNLFÍ í Hveragerði, Skokkhóps Hamars í Hveragerði og Frískum Flóamönnum í Árborg þar sem þau hvetja sveitarfélög til að taka til athugunar bættu aðstöðu fyrir göngu- og hjólafólk á leiðinni milli Hveragerðis og Selfoss.

Eftirtaldir tóku til máls: Eyþór H. Ólafsson, Róbert Hlöðversson, Aldís Hafsteinsdóttir og Guðmundur Þór Guðjónsson.

Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

Bæjarstjórn tekur undir það sjónarmið að göngu og hjóltreidastígur á milli Hveragerðis og Selfoss væri mikið framfaraskref. Stígur sem þessi myndi nýtast bæði heimamönnum í starfi og leik sem og ferðamönnum og auka öryggi vegfarenda til mikilla muna.

Bæjarstjóra er falið að ræða við Vegagerðina og nágretta sveitarfélög um gerð slíks stígs og hvetur bæjarstjórn Vegagerðina til að láta fara fram mat á mögulegum kostnaði.

Kl. 17:30 var gert fundarhlé.

Kl. 17:36 hélt fundur áfram.

4. Leigusamningur um tjaldsvæðið við Reykjamörk.

Lagður fram leigusamningur við Reykjamörk camping um leigu á tjaldsvæðinu við Reykjamörk til 1. nóvember 2013.

Eftirtaldir tóku til máls: Aldís Hafsteinsdóttir og Róbert Hlöðversson

Bæjarráð samþykkir leigusamninginn með þeim athugasemdum sem voru ræddar á fundinum.

5. Lánasamningur við Lánasjóð sveitarfélaga.

Lagður fram lánasamningur við Lánasjóð sveitarfélaga vegna láns að upphæð kr. 20. milljónir.

Eftirtaldir tóku til máls: Eyþór H. Ólafsson, Róbert Hlöðversson og Aldís Hafsteinsdóttir.

Meirihluti bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 20.000.000 kr. til 10 ára, í samræmi við samþykka skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til að fjármagna lóðakaup í landi Hveragerðisbæjar, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Aldísi Hafsteinsdóttur kt. 211264-5009, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hveragerðisbæjar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Fulltrúar minnihlutans á móti og vísa í fyrri bókanir sínar um málið.

6. Skýrsla Haralds L. Haraldssonar Úttekt á rekstri Hveragerðisbæjar og tillögur.

Lögð fram skýrsla sem Haraldur L. Haraldsson gerði um úttekt á rekstri Hveragerðisbæjar og tillögur.

Markmið bæjarstjórnar var að fá fram tillögur að hagræðingu í rekstri, þannig að reksturinn m.a. skili meiri framlegð til að standa undir afborgunum lána sveitarfélagsins og nýjum framkvæmdum.

Við vinnslu verkefnisins var stuðst við gögn frá sveitarfélaginu og til samanburðar frá öðrum sveitarfélögum sambærilegum að stærð hvað íbúafjölda varðar.

Í verkefninu fólst að eiga samtöl við forstöðumenn og fara yfir fyrirkomulag rekstrar viðkomandi stofnunar. Jafnframt voru skoðuð bókhaldsgögn og rekstrarútgjöld könnuð. Einnig var nokkuð stuðst við upplýsingar úr ársreikningum sveitarfélaga á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Rekstararútgjöld og -tekjur sveitarfélagsins voru borin saman við rekstrarútgjöld og tekjur hjá 10 sveitarfélögum, sambærilegum að stærð. Markmiðið með þessum samanburði var að reyna að finna hvað væri öðruvísi hjá Hveragerðisbæ miðað við þessi sveitarfélög sem nýtast mætti til hagræðingar í rekstri.

Einnig átti skýrsluhöfundur fundi með bæjarstjóra og bæjarstjórn þar sem farið var yfir ýmis málefni tengd verkefninu.

Eftirtaldir tóku til máls: Eypór H. Ólafsson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Róbert Hlöðversson.

Bæjarstjórn fagnar þeirri vönduðu úttekt sem hér er lögð fram og þeim möguleikum sem gefast á ítarlegri skoðun á hinum ýmsu rekstrarþáttum í kjölfarið. Bæjarstjórn leggur til að skýrslan verði kynnt á opnum íbúafundi eftir páska auk þess sem hún verður gerð öllum aðgengileg á heimasíðu bæjarins. Tillögur bæjarstjórnar byggðar á efni skýrslunnar munu að einhverju leyti liggja fyrir á næstu fundum bæjarstjórnar en ýmislegt í skýrslunni þarfnast þó nánari skoðunar og rétt er að ítreka að tillögur sem þar eru lagðar fram eru skýrsluhöfundar en ekki bæjarstjórnar.

7. Opnun tilboða í verkið „Frárennislagnir Laugaskarði, göngustígur Breiðumörk“.

Tilboð í verkið „Frárennislagnir Laugaskarði, göngustígur Breiðumörk“ voru opnuð þann 7. mars 2013. Alls bárust 6 tilboð í verkið.

Bjóðendur	Tilboðsfjárhæð
Arnon ehf	5.595.986.-
Garpar ehf	6.166.757.-
Gleipnir verktakar	5.093.180.-
GÓ verk	12.543.740.-
Gröfutækni	5.443.500.-
Óskaverk ehf	4.999.999.-
Kostnaðaráætlun	6.702.100.-

Bæjarstjórn samþykkir að taka tilboði lægstbjóðenda Óskaverk ehf.

8. Fundagerðir til kynningar;

8.1. Bæjarstjórnar frá 14. febrúar 2013.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:05

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign)

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign)

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)